



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 11. apríl 2011

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar að Hnjúkabyggð 33, mánudaginn 11. apríl 2011. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Refa- og minkaveiðar. Vignir Björnsson kom á fundinn ásamt Ágúst Þór Bragason til að ræða áætlanir um framlög sveitarfélagsins til refa- og minkaveiða. Fram kom að bæjarstjórn hefur áætlað að veita 250 þúsund krónum til refa- og minkaveiða árið 2011 að viðbætu framlagi ríkisins til minkaveiða sem í fyrra nam rúmum 63 þúsund krónum. Nefndin leggur til að haft verði samráð við nágrannasveitarfélög með verðlagningu og vinnulag við grenjavinnslu og refa- og minkaveiðar. Einnig leggur nefndin til að keyptar verði minkasiur og í staðin skorið niður fjármagn til minkaleita. Nefndin leggur auk þess til að hlaupadýr verði einungis greidd ráðnum veiðimanni/mönnum sveitarfélagsins.
2. Veggirðingar. Rætt var um ástand veggirðinga í sveitarfélaginu. Ákveðið var að beina því til bæjarstjórnar að minna landeigendur í sveitarfélaginu á að halda við veggirðingum. Einnig er lagt til að bæjarstjórn kanni á nýjan leik hvort Veggerðin geti komið að endurnýjun veggirðinga.
3. Skrapatungurétt. Stefán Árnason kom á fundinn til umræðu um þennan lið. Rætt var um viðhald réttarinnar. Fram kom að byrjað var á viðgerðum í fyrra og fór sú viðgerð nokkuð fram úr kostnaðaráætlun. Töluverð þörf er á að halda viðgerðum áfram og klára það sem byrjað var á. Nefndin leggur til að gerð verði ítarleg áætlun um hvað þarf að gera, henni forgangsraðað og fylgt eftir í samráði við Skagabyggð. Auk þess þarf að sækja um í Landbrotssjóð fyrir næsta ár þar sem Norðurá er farin að ganga nokkuð nærri réttinni.
4. Fjárhagsáætlun. Gauti Jónsson lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir fjallskilasjóð. Er áætlunin á svipuðum nótum og verið hefur.

Fundagerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gauti Jónsson (sign.)
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)